

Notendaskilmálar

NOTANDASAMNINGUR FYRIR NÓRA SKRÁNINGAR- OG GREIÐSLUKERFI.

Nóri er skráningar- og greiðslukerfi hér eftir nefnt Nóri. Skilmálar þessir gilda einnig fyrir kerfin Hvata og Stund sem er kerfiseiningar tengdar Nóra kerfum. Leyfishafi, notandi, leigutaki hér eftir nefndir leyfishafi.

Þetta er bindandi samningur milli leyfishafa og Greiðslumiðlun ehf., varðandi notkun á Nóra. Með því að leyfishafi samþykki þessa skilmála eða nýti þau réttindi sem í honum felast til notkunar á Nóra staðfestir hann bindandi samning um afnot.

- Leyfistakmarkanir:** Leyfið nær eingöngu til uppsetningar á Nóra samkvæmt tilgreindum fjölda og til notkunar fyrir skilgreinda starfssemi leyfishafa á tilgreindri starfsstöð samkvæmt samningi / reikningi.
- Hugbúnaður:** GREIÐSLUMIÐLUN veitir leyfishafa almennt, óframseljanlegt leyfi til að nota og setja upp Nóra á tölvu í eigu leyfishafa, hvort sem er til reynslu eða almennt leyfi, samkvæmt samningi þar um.
- GREIÐSLUMIÐLUN** getur veitt leyfishafa leyfi til notkunar reynsluleyfis til prófunar á hugbúnaði til tiltekins tíma, ekki er innifalin nein þjónusta, lagfæringar, aðlaganir, breytingar eða ábyrgð á virkni hugbúnaðar á reynslutíma. Ef leyfishafi notar kerfið að ofangreindum tíma loknum er litið svo á að viðkomandi sé orðinn áskrifandi að notkun hugbúnaðar og greiði fyrir þá notkun samkvæmt gjaldskrá. Óheimilt er að samnýta, dreifa eða nota samtímis á öðrum tölvum. Reynsluleyfi er veitt leyfishafa fyrir ákveðna tölvu og skal aðeins nota á þeirri tölvu.
- Almennt leyfi / Afnotaréttur.** Samningur um afnotarétt með greiðslu mánaðargjalds til ákveðins tíma Við gerð samnings um afnotarétt setur leyfishafi hugbúnaðinn upp og gerir virkan með því að slá inn áskriftarlykil. Þetta er almennt leyfi og er veitt öllum þeim er hafa gert samning við GREIÐSLUMIÐLUN um Nóra.
- Skilmálar** er varða tegund leyfis, lengd leyfis og fjöldi tölva sem leyfið nær yfir koma fram á reikningi við kaup. Leyfishafi fær afhent eftirfarandi við kaup: (i) viðskiptanúmer til að fá aðgang að vöru og til að fá uppfærslur og (ii) áskriftarlykil til að uppfæra hugbúnað.
- Leyfishafi má taka eitt öryggisafrit af Nóra forritinu. Öll önnur fjölföldun og dreifing á forritinu eða meðfylgjandi prentuðu efni er stranglega bönnuð. Leyfishafa er óheimilt með öllu er að dreifa, afrita eða framselja forritið hvort sem er gegn gjaldi eður ei og jafnframt er notkun þess er takmörkuð við starfssemi leyfishafa.
- Takmarkanir** vegna afþýðingar, sundurgreiningar og sundurþáttunar (e.reverse engineering, decompilation and disassembly). Leyfishafa er óheimilt að afþýða, sundurgreina eða sundurþætta hugbúnaðinn að því undanskildu að slíkt sé sérstaklega heimilað með gildandi lögum.

8. Þjónusta og tækniástoð. GREIÐSLUMIÐLUN veitir leyfishafa tækniástoð að því marki sem nauðsyn krefur gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

9. Uppsögn samnings: Með fyrirvara um önnur réttindi getur GREIÐSLUMIÐLUN sagt þessum samningi upp ef leyfishafi hefur ekki virt skilmála hans og skilyrði og eða ekki greitt tilskilin gjöld. Í því tilviki verður leyfishafi að eyða öllum afritum af forritinu og meðfylgjandi íhluta. Jafnframt er lokað á aðgang á sama tíma.

10. Höfundaréttur: Allur eignaréttur og hugverkaréttur vegna Nóra, þar með talið meðfylgjandi prentað efni og eintök af forritinu af netinu, eru eign GREIÐSLUMIÐLUN. Öll gögn sem unnið er með í notkun Nóra eru eign viðkomandi eiganda efnis og kann að vera verndað að viðeigandi lögum um höfundarétt eða annan hugverkarétt. Þessi samningur veitir ekki réttindi til slíkrar notkunar. GREIÐSLUMIÐLUN áskilur sér öll réttindi sem ekki er sérstaklega veitt, berum orðum í samningi þessum.

11. Takmörkuð ábyrgð: GREIÐSLUMIÐLUN ábyrgist að Nóri virkar á gildistíma samkvæmt samningi í samræmi við þær upplýsingar sem GREIÐSLUMIÐLUN gefur. Leyfishafi ber alfarið ábyrgð á að kerfið sé notað í samræmi við lög og í samræmi við tilgreinda notkun, öll notkun á kerfinu sem brýtur á einhvern hátt gagnvart lögum er á ábyrgð leyfishafa en ekki á ábyrgð Greiðslumiðlun. Greiðslumiðlun ber ekki ábyrgð á hvernig gögn sem hugbúnaðurinn skráir séu nýtt, jafnframt ber leyfishafi ábyrgð á að gögn þau er hugbúnaðurinn safnar sé eingöngu notuð í samræmi við hvernig þeirra er aflað og í samræmi við lög. Leyfishafa er gert ljóst og samþykkir að hugbúnaðurinn er afhentur í því ástandi sem hann er, með öllum þeim göllum sem hugbúnaður getur haft.

12. Undanþágur frá ábyrgð: GREIÐSLUMIÐLUN veitir enga frekari beinar eða óbeinar ábyrgðir varðandi notkun á Nóra og tekur enga ábyrgð á vandamálum sem upp geta komið við notkun forritsins. Ef notandi uppgötvar hugbúnaðarvillu í Nóra, er honum bent á að hafa samband við Greiðslumiðlun ehf, sem mun laga eins fljótt og auðið er, allar villur í forritinu sem leyfishafi kann að rekast á, á þann hátt sem GREIÐSLUMIÐLUN telur viðeigandi. Villur sem stafa af vélbúnaðarbilunum eða truflunum, töpuðum gögnum eða truflunum á netþjónustu vegna þriðja aðila, eru sérstaklega undanskildar ábyrgð.

13. Takmörkun bótaskyldu: GREIÐSLUMIÐLUN er ekki bótaskyld vegna óbeins, afleidds eða tilfallandi tjóns eða lögfræðikostnaðar vegna málsóknar, utan eða innan samninga, þrátt fyrir að GREIÐSLUMIÐLUN gæti hafa verið ljóst að bótakrafa væri fyrir hendi.

14. Samningur aðila gegnir hlutverki vinnslusamnings í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. GREIÐSLUMIÐLUN skal öðru jöfnu teljast vinnsluaðili í skilningi laganna, þegar kemur að veitingu þjónustunnar. Með þjónustunni er fyrst og fremst átt við hýsingu og varðveislu gagna sem eru skráð í kerfin, rekstur greiðslugáttar, stofnun greiðsluseðla, skyld verk og þjónusta við notendur kerfisins. GML er heimilt að vinna þær persónuupplýsingar sem þörf krefur í því skyni, en eingöngu í samræmi við tilgang vinnslunnar. Samningsaðilar skulu gæta ákvæða laga og reglna um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við vinnsluaðgerðir á grundvelli samningsins.

15. GREIÐSLUMIÐLUN er heimilt að nota undirvinnsluaðila til að sinna tilteknum verkþáttum, en skal þá tryggja að þeir séu meðvitaðir um og uppfylli lagaskyldur á sviði persónuverndar.

16. Leyfishafi telst ábyrgðaraðili og ber hann ábyrgð á að veita hinum skráða upplýsingar um vinnslustarfsemina í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að bregðast við erindum einstaklinga vegna réttinda þeirra, svo sem vegna aðgangsréttar, en GREIÐSLUMIÐLUN aðstoðar hann að því marki sem kostur er. Notkun hugbúnaðarins er að öðru leyti á ábyrgð ábyrgðaraðila, þ.m.t. þær upplýsingar sem hann eða aðrir kjósa að skrá inn í kerfið.

17. Þjóðskrá, Tenging við þjóðskrá er háð því að notandi kerfisins sé með samning um notkun við Þjóðskrá Íslands og skal notkun takmarkast við þá skilmála sem Þjóðskrá Íslands setur um notkun. Nauðsynlegt er að notendur kynni sér Lög um þjóðskrá og almannaskráningu 1962 nr. 54 27. Apríl og síðari breytingum. Einnig er bent á lög um persónuvernd Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga 90/2018. Nauðsynlegt er að ítreka að ávallt sé farið með upplýsingar notenda, iðkenda, forráðamanna í kerfinu sem trúnaðarupplýsingar og nýta ekki á annan hátt en um getur í skilmálum þjóðskrá og skilmálum kerfisins.

18. Varnarþing: Rísi upp ágreiningur um stofnun eða túlkun samnings þessa eða einhverra ákvæða hans skal allur ágreiningur lúta íslenskum lögum og málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.